



Við berum ábyrgð gagnvart kynslóðum framtíðarinnar, segir Ólafur. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Myndaði það sem er horfið

Ólafur Elíasson sýnir í Hafnarhúsinu ljósmyndir af jöklum. Myndirnar eru teknar með 20 ára millibili. Nýtur aðstoðar Hildar Guðnadóttur á væntanlegri sýningu í Zürich.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Myndlistarmaðurinn Ólafur Elíasson sýnir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu þær mynda af jöklum á Íslandi teknar með 20 ára millibili Verkið heitir The glacier melt series 1999/2019.

„Ég hef unnið alls kyns isverk og farið mikið á jökla, sem er mikil tilfinningaleg reynsla,“ segir Ólafur. „Árið 1999 kom ég hingað til að mynda jökla úr lofti. Tuttugu árum síðar hafði ég áhuga á að sjá breytinguna á þeim. Ég hringdi í Raxa ljósmyndara og fleiri vini. Þeir sögðu: Auðvitað hafa orðið miklar breytingar, hvað heldurðu!

Ég fór á Google Earth og sá að breytingarnar voru miklar. Þá ákveð ég að koma til Íslands og mynda sömu jöklana frá sama sjónarhorni og úr sömu fjarlægð og fyrir tuttugu árum,“ segir Ólafur.



Myndirnar sýna greinilega hversu mikið jöklarnir hafa hropað.

„Ég flaug með Raxa í litilli flugvél, ég var með myndirnar með mér og Raxi benti og sagði: Þetta var þarna. Ég leit út um gluggann og trúði honum ekki. Munurinn var svo gríðarlegur. Þegar myndirnar á sýningunni, þær gömlu og nýju, eru bornar saman þá sést þessi mikli munur sem stafar af loftslagsbreyt-

ingum af mannavöldum. Við sjáum það sem er horfið.“

Stöndum á tímamótum
Fyrir á þessu ári var Ólafur í hópi fólks sem minntist Okjökuls, fyrsta íslenska jökulsins sem hvarf vegna hnattrænnar hlýnunar. Andri Snær Magnason var einn af for-

svarsmönnum þeirrar athafnar. „Ég þekki Andra mjög vel og sonur hans var að vinna í stúdíóinu mínu í Berlín sem sagði mér frá þessari minningarathöfn. Ég hafði myndað Okjökul fyrir einhverjum árum og svo vildi ég sýna Andra stuðning. Andri er svo orðhagur og segir og útskýrir flókna hluti þannig að maður skilur þá og tengir við þá. Það er mjög mikilvægt að menn eins og hann láti til sín taka. Þeir ná sterkari tengingu við fólk en vísindamenn sem segja hlutina oft á flókinn hátt.

Við stöndum á tímamótum og vona að mannkyni takist að vernda þá jökla sem eftir eru. Við berum ábyrgð gagnvart kynslóðum framtíðarinnar og megum ekki bregðast þeim.“

Vinnur með Hildi Guðnadóttur
Ólafur er að undirbúa sýningu í Zürich, sem verður opnuð í janúar, og nýtur þar aðstoðar Hildar Guðnadóttur tónskálds. „Sýningin mín var tilbúin en þá datt mér í hug að hafa hljóð í henni. Á sýningunni verður vélmenni sem spilar á selló og Hildur, sem er göð vinkona mín, er að semja tónlist fyrir það. Svo hefur auðvitað komið í ljós að vélmennið er ekki heimskt. Í hvert sinn sem Hildur spyr mig áhlits á tónlistinni segi ég: Mér er sama á meðan tónlistin hljómar ekki eins og í Chernobyl eða The Joker,“ segir Ólafur og brosir glettnislega.

Sýningin The glacier melt series 1999/2019 í Hafnarhúsinu stendur fram í febrúar á næsta ári. Hún er einnig í Tate safninu í London til 5. janúar og í Guggenheim Bilbao frá 14. febrúar til 21. júní 2020.